



Annar formannafundur HSV starfsárið 2024-2025, miðvikudaginn 9. apríl 2025. Haldinn á kaffistofu Ístækni við Sindragötu 5 á Ísafirði og hófst hann kl 20:10.

Mætt voru: Fyrir hönd stjórnar HSV; Sigurður Jón Hreinsson, Magnús Bjarnason, Sif Huld Albertsdóttir og Páll Janus Þórðarson. Frá aðildarfélögum; Eygló Sigríður Kristjánsdóttir – Íþróttafélaginu Ívar, Finnur Magnússon - Kubba, Guðjón Ólafsson – Golfklúbbi Ísafjarðar, Heiðrún Tryggvadóttir - Vestra, Marinó Hákonarson – Hestamannafélagið Hending, Sigmundur Þórðarson – Höfrungur á Þingeyri, Vigdís Pála – Knattspyrnufélagið Hörður, Valur Richter - Skotíþróttafélags Ísafjarðar. og Guðbjörg Ebba Högnadóttir starfsmaður svæðisstöðva ÍSÍ og UMFÍ.

Formaður býður fundarmenn velkomna, þakkar góða mætingu og að því loknu er gengið til dagskrár. Eins og stundum vill gerast á þessum fundum fer umræðan vítt og breitt. Því er tímalína ummæla/dagskrárluta ekki alltaf í sömu röð og sett er fram í fundargerð.

### 1. Ársþingi HSV.

Formaður kynnir tillögu að tíma og staðsetningu á væntanlegu ársþingi HSV. Vinnudagsetningin er 22. Maí og að þingið yrði haldið á Suðureyri. Verið að ræða við Íþróttafélagið Stefni varðandi veitingar og annað utanumhald.

Á ársþinginu þarf einnig að fara í laga og reglugerðabreytingar, aðalega vegna orðalags og umsýslu þar sem HSV hefur ekki lengur yfir starfsmanni að ráða.

Þessu tengt gagnrýnir Marinó pappírsleysi á þingum og gagnrýnir að ekki séð boðið upp á þinggögn útprentuð. Það verði til þess að þingfulltrúar verði enn verr upplýstir um það sem fram fer á þinginu. Þá vill hann jafnframt benda á að héraðsþing eigi ekki að vera kapphlaup um að komast sem fyrst heim. Hér áður fyrr hafi þessi þing verið tvær kvöldstundir og þá hafi fengist mun dýpri umræða varðandi stefnumótun og ályktanir.

### 2. Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Fimmtudaginn 3 apríl barst stjórn HSV bréf þar sem nefnt er að viðurkenning HSV sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ gildir til 19. Maí nk. Viðurkenningin var veitt HSV þann ágæta dag fyrir tæpum fjórum árum og gildir til fjögurra ára í senn. Uppfæra þarf handbók sambandsins og fylgigögn og senda inn til yfirlesturs.

Formaður telur umfang verkefnisins vera þess eðlis að óvíst sé að stjórn HSV geti unnið það samhliða undirbúnings ársþings og því sé jafnvel spurning hvort að sótt verði um endurnýjun á viðurkenningunni. Þá hafi leit að gögnum tengt málinu ekki skilað árangri í tölvu HSV.

Marinó bendir á að leita þurfi aðstoðar fyrir stjórn við að vinna þetta verkefni. Sif telur að við getum sent verkefnið á íþrótt- og tómsundarfulltrúa. Segir hún þetta sennilega vera mikla vinnu miðað við hvernig þetta var unnið síðast.

Niðurstaða fundarins er að svara póstinum og óska eftir þeim gögnum sem send voru inn til ÍSÍ á sínum tíma, bera saman við gátlistann sem kom í umræddum pósti og senda erindið á íþrótt- og tómsundarfulltrúa.

### 3. Lottógreiðslur.

Formaður kynnti fyrir fundarmönnum bókanir frá síðasta stjórnarfundum tengt lottógreiðslum, sem var á þá leið að svæðisfulltrúar ÍSÍ og UMFÍ hafi skilað af sér greinargerð um skráningar



iðkenda þar sem fram kemur að fundist hafi dæmi um ofskráningar sem sjáist hjá nokkrum aðildarfélögum HSV í skilatölum ársins 2023. Þá kemur fram að öll stærstu félögin hafi tekið upp skráningar iðkenda í gegnum Sportabler og því sé fyrirsjáanlegt að áræðanlegri tölur verði fyrir árið 2024. Stjórn HSV tók einnig saman heildarfjölda skráningu iðkenda og félagsmanna nokkur ár aftur í tíman en breyting á iðkendafjölda milli áranna 2022 og 2023 er óveruleg og gefur ekki ástæðu til sérstakra grunsemda.

Starfsmönnum svæðisstöðva ÍSI og UMFÍ er þakkað fyrir þeirra góðu vinnu við að svara fyrirspurnum frá foreldrum iðkenda og samanburð á upplýsingum frá foreldrum við iðkendatölur aðildarfélag HSV.

Að fengnu álitum ÍSI og starfsmanna svæðisstöðva ÍSI og UMFÍ er það niðurstaða stjórnar HSV að heimila gjaldkera að greiða seinnihluta lottó-greiðslu ársins 2024, í samræmi við opinberar tölur iðkenda í skilakerfi ÍSI.

Niðurstaðan er því í öllum aðalatriðum samhljóma þeim málflutningi á síðasta formannafundi; -að ekki væri mögulegt að ráðast í heildar endurskoðun á skráningar iðkenda.

-og að tölur fyrir árið 2024 kæmu til með að verða réttari, þar sem allar stóru íþróttagreinarnar hafi tekið upp skráningar iðkenda í gegnum Abler.

### **3.a Breyting á lottótekjum héraðssambanda**

Umræður um breytingar á lottótekjum og áhrifum þeirra á minni svæði eins og t.d. Héraðssamband Strandamanna, sem missti 90% af sínum tekjum við breytinguna. Marinó bendir á að við höfum átt aðila í nefndinni sem ræddi þessa breytingu en að ekkert hafi heyrst þaðan, engar viðvaranir þrátt fyrir blikkandi rauð ljós, fyrir héraðssambönd eins og HSV sem sjáanlega kæmu ílla út úr þessum breytingum.

Lýsir hann yfir óánægju með fyrirkomulag á deilingu lottótekna til íþróttahéraða. Segir hann höfðatölu viðmiðið skekkja myndina rækilega þegar kemur að útgreiðslum þar sem vægi landsbyggðarfélaga versnar til muna ekki síst þar sem almenn íþróttabátttaka sé yfirleitt meiri en á sv horninu. En í hreinum höfðatöluútreikningum, tapi landsbyggðin alltaf.

### **4. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar**

Spurt er um samstarfssamning við bæinn, hvernig samstarf hafi gengið við fyrrverandi starfsmann HSV og hvort að loforð um aðstoð úr þeirri átt hafi gengið eftir. Stjórnarmenn útskýra vanefndir á samningi og ferlið sem hefur verið í gangi vegna þess. Formaður segir af fundi sem haldin var með bæjarstjóra í janúar og af bréfi stjórnar HSV til bæjarstjóra í framhaldi af fundinum, þar sem athugasemdir voru gerðar við núverandi samning og efndir á honum. Í bréfinu hafi verið óskað eftir endurskoðun á samninginum en því hefur enn ekki verið svarað.

Bent er á að með starfsmanni hafi verið fluttur kostnaður við almennt skrifstofuhald og bókhald. Enginn peningur sé í raun eftir til þess að reka þau störf sem eftir sitja á stjórn.

Guðjón veltir fyrir sér hvað hafi breyst á þeim tíma frá því starfsmaðurinn hætti. Vigdís bendir á að stór hluti af vinnunni sem starfsmaður HSV sinnti, hafi ekki farið yfir á bæinn, sú vinna sitji nú á herðum stjórnarmanna.

Marinó rifjar upp það að honum hafi ekki verið vel við að fara þessa leið, með tilfærslu starfsmannsins. Það er þá rifjað upp af fundarmönnum að framkvæmdastjórinn þáverandi hafi beitt þeirri aðferð að kalla inn á sinn fund fulltrúa frá einu félagi í einu og hafi þá sagt við þá sem voru á móti því að gefa eftir starfsmanninn yfir til bæjarins, að viðkomandi væri sá eini sem væri á móti því.



Marinó nefnir að HSV hafi verið í þróun í 24 ár þar sem starfsvettvangur var mótaður fyrir starfsmanninn. Þetta hafi verið rífið upp með rótum, á sama tíma og ný staða UMFÍ/ÍSÍ er búin til. Við þetta hafi myndast tómarúm í skipulagi og þekkingu þar sem útfærsla og skipting á verkefnum var ekki tilbúin.

Hann bendir einnig á að í nýjum samningi sé um að ræða lægri krónutölu í styrk frá Ísafjarðarbæ heldur en hann var við stofnun HSV, árið 2000. Þá er nefnt að afreksmannasjóður hafi rýrnað sem hann telur ekki vera til góðs.

Marinó vill að völdin um skiptingu fjármagns (styrkja) séu skýr. Að hlutverk HSV sé skýrt og því treyst fyrir þeim verkefnum sem það á að vinna. Þá hvetur hann núverandi stjórn til dáða við að stilla saman strengi og efla samstarfið við nýja starfsmenn íþróttahreyfingarinnar á svæðinu.

Ræðir Marinó skrifræðið sem þarf að berjast við þegar málefni eru rædd við bæinn og útskýrir árekstra bæjaryfirvalda við HSV, mögulega hagsmunaárekstra og kergju sem virðist myndast í samskiptum þar á milli.

Spurt er hvort lögheimil HSV sé enn við Suðurgötu. Því er svarað játandi og því rætt stuttlega hvernig hægt er að lenda því máli.

#### 5. Stefnuleysi í íþróttamálum.

Formaður kynnir umræðu af stjórnarfundum HSV og vill vekja athygli á bókun frá þeim fundi og málinu sem slíku. Á stjórnarfundum 23 janúar sl var eftirfarandi bókað:

*«Tekin umræða um uppbyggingarsamninga og afnot íþróttafélaga af mannvirkjum sem eru í eigu Ísafjarðarbæjar og að því er virðist almennt stefnuleysi í íþróttamálum í sveitarfélaginu. Uppbyggingarsamningar virðast td. vera samþykktir án þess að sérstakt plan liggji fyrir, hvorki um framhald framkvæmda né fjármögnun.*

*Nokkur aðildarfélög HSV nýta sérhæfða aðstöðu sem eru í eigu bæjarins en hafa ekki fengið neina samninga um afnotin. Dæmi eru um það að félag sé í nokkurra milljóna króna skuld vegna uppbyggingar á aðstöðu sem er í eigu bæjarfélagsins, sem farið var í með vitund og vilja bæjarins, en án fjármagns. Staða þessara mála almennt mætti vera betri, verður að skoðast heilstætt og laga í framhaldinu.»*

Fundargestir ræða sín á milli mismunandi útfærslur á eingarhaldi húnsæðis og búnaðar sem nýtast íþróttafélagunum. Aðilar lýsa yfir áhyggjum af stöðunni og hvernig siðir eru orðnir varðandi streymi á fjármagni frá bænum. Nefnd eru dæmi um að ekki virðist gilda sömu reglur um mokstur að mismunandi íþróttasvæðum, t.d. reiðhöll og skíðasvæði.

Guðjón vill ræða um uppbyggingarsamninga. Kallar þetta verkefnastyrki, þar sem uppbyggingarsamningur væri til lengri tíma og gæfi færi á að félög geti skipulagt sig og sína fjármuni til einhverra ára í senn.

Segir mikla óvissu í núverandi fyrirkomulagi þar sem ekkert sé fast í hendi fyrir hvort verkefnið fái úthlutun eða hveru há upphæðin verður. Segir fyrirsjáanleikann mikilvægan þegar að verið er að vinna í kostnaðarsömum framkvæmdum. Guðjón rifjar upp að lengri samningar hafi verið gerðir áður fyrr, en einhver ósátt hafi myndast og þeir því lagðir af.

Marinó segir frá uppruna samninganna og útskýrir hvernig fjármunirnir sem lagðir voru í verkefnin hafi verið skornir niður vegna peningaleysis sveitarfélagsins og því hafi stærri samningar lagst af.

Guðjón bendir einnig á að nýlegar lagasetningar kveði á um að stjórnarmenn verði persónulega ábyrgir fyrir félög og þá mögulega það tap sem myndast af rekstri eða



framkvæmdum. Valur nefnir að slík staða sé einmitt hjá þeim í Skotíþróttafélaginu, þar sem framkvæmt hafi verið fyrir margar milljónir í fasteign sem Ísafjarðarbær á 100% og eftir standi 4 milljóna króna lán sem hvíli á félaginu og honum persónulega.

Lagt til að umræðan sé færð inn á samráðsfund. Stjórn HSV mun senda inn tillögu um að málið verði tekið þar upp.

#### 6. Önnur mál:

##### *Drög að reglugerð um neyðarstjórn*

Formaður kynnti bókun frá síðasta stjórnarfundum. Fór yfir það að ástæða þess að hugmyndin um reglugerð um neyðarstjórn, hafi verið raunverulegur ótti um að fleiri stjórnarmenn segðu af sér vegna óvæginna umræðu um stjórnarmenn á samfélagsmiðlum. Við það hefði stjórnin getað orðið óstarfhæf og ekki í stakk búin að ráða við verkefni eins og að halda ársþing. Fram hafi komið í samtölum við lögfræðing ÍSÍ í framhaldinu að það væri í verkahring ÍSÍ að grípa boltann fyrir héraðið, kæmi svona staða upp, halda þingið og þannig héraðssambandinu starfshæfu.

Í ljósi þessara upplýsinga frá ÍSÍ hafi það verið niðurstaða stjórnar HSV að draga reglugerðina til baka.

##### *Skortur á samgangi*

Sigmundur talar um einmannaleika á Þingeyri. Segist hafa tapað tengslum við stjórn og aðra formenn, mögulega vegna starfsmannatilfærslu sem að hann hafi áður geta hringt í. Saknar einnig viðveru aðila frá hinum minni byggðarkjarnanna. Sigmundur segir íþróttahreyfinguna vanta meiri jákvæðni og meiri samgang.

##### *Iðkendatölur*

Guðjón vill ræða iðkendatölur. Segir það koma illa við hann að nokkur félög hafi verið með ofskráningar á iðkenndum. Ræðir við fundinn að það sé skilda stjórnanna að búa svo um hlutina að hlutirnir séu uppi á borðinu og allt sé rétt og skýrt. Skorar Guðjón á fundinn að gera hlutina rétt og að við séum öll að vinna að heilindum að íþróttastarfi barnanna. Nefnir skyldu félaganna til þess að búa umhverfi stjórnar HSV þannig að það sé til þess fallið að fólk fái stjórn. Sammælist fundurinn því.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 22.10

Fundargerð ritaði Páll Janus.